



Reglur leikskóladeildar Tálknafjarðarskóla apríl 2011

1. gr.

Leikskóladeild Tálknafjarðarskóla er ætluð börnum á aldrinum 24 mánaða til 6 ára. Sótt skal um leikskólavist með minnst 3ja mánaða fyrirvara. Heimilt er að veita barni á aldrinum 12-24 mánaða leikskólavist enda sé rými fyrir það í leikskólanum og nægur mannaflí til að sinna því. Barnið kynni þó að víkja fyrir barni eldra en 2 ára í fullsetnum leikskóla, en a.m.k. með 3ja mánaða fyrirvara. Barn sem víkur er ávallt það barn sem síðast hlýtur leikskólavist.

Börnin hætta við sumarlokun það ár sem þau verða 6 ára.

Opnunartími Vindheima er frá kl. 07:45 til kl. 16:15.

2. gr.

Umsækjandi og barn skulu eiga lögheimili á Tálknafirði. Heimilt er að veita barni sem ekki á lögheimili í sveitarfélaginu tímabundna leikskólavist og um það gilda viðmiðunarreglur Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna leikskóladvalar utan lögheimilissveitarfélags.

3. gr.

Leikskólinn er einsetinn og er vistunartími að jafnaði ekki skemmri en 4 stundir. Boðið er upp á breytilega grunnvistun sem hefjast skal fyrir kl. 9.00. Heimilt er þó að veita barni vistun sem hæfist eftir kl. 11 komi til sérstakar aðstæður. Ekki er talið æskilegt að börn yngri en 2 ára dvelji lengur en 6 stundir á leikskólanum hvern dag.

4. gr.

Umsóknum um leikskólavist skal skilað til skólastjóra Tálknafjarðarskóla sem heldur utan um skráningar með aðstoðarleikskólastjóra. Skólastjóri boðar foreldra nýrra barna til viðtals, þar sem hann veitir upplýsingar um starfsemi og þjónustu skólans og fær nauðsynlegar upplýsingar um barnið.

5. gr.

Leikskólagjald er ákveðið af sveitarstjórn á hverjum tíma, og greiðist frá þeim tíma er aðlögun hefst.

6. gr.

Leikskólagjöld eru greidd fyrirfram og gjalddagi er fyrsta hvers mánaðar en eindagi 30 dögum eftir gjalddaga. Dráttarvextir reiknast frá eindaga. Ef gjaldið hefur ekki verið greitt í 2 mánuði frá eindaga eða um það samið við framkvæmdastjóra Tálknafjarðarhrepps, er litið svo á að viðkomandi hafi afsalað sér plássinu frá fyrsta næsta mánaðar og leikskólagjöld þá send lögfræðingi til innheimtu.

7. gr.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur leikskólans og foreldra/forráðamanna er einn mánuður hið minnsta, 3 mánuðir þegar barn þarf að víka. Skólastjóra er heimilt að krefjast mánaðar greiðslu frá uppsagnardegi, hafi reglum um uppsagnarfrest ekki verið fylgt. Uppsögn skal skila á eyðublaði sem fæst hjá skólastjóra og á skólavef.

8. gr.



Tálknafjarðarskóli

Veikt barn má ekki koma í leikskólann. Tilkynna þarf veikindi barns, einnig ef barn mun af öðrum ástæðum ekki mæta í leikskólann. Ef barn er fjarverandi í minnst 4 vikur samfelld vegna veikinda er heimilt að lækka dvalargjaldið um allt að helming gegn framvísun læknisvottorðs.

9. gr.

Barni er aðeins heimilt að dvelja í leikskólanum þann tíma sem dvalarsamningur kveður á um, og eru foreldrar vinsamlegast beðnir um að virða þetta. Ef foreldrar koma of seint að sækja börn sín er þeim gert að greiða aukagjald. Kaupa má aukavistunartíma dag og dag.

10. gr.

Þeim, sem fylgja barni í leikskólann eða sækja, ber að láta viðkomandi starfsmann vita um komu sína og brottför. Látið ávallt vita, ef einhver annar en vanur sækir barnið.

11. gr.

Barn, sem er að byrja í leikskólanum, skal fá aðlögunartíma með foreldri eða forráðamanni sínum til að fyrirbyggja röskun á öryggiskennd barnsins. Æskilegt er að aðlögun hefjist ekki síðar en 1. maí og ekki fyrr en 1. september.

12. gr.

Morgunmatur hefst kl. 08:30 og eru foreldrar eða forráðamenn sem eru með börn sín í morgunmat beðnir að vera mættir með þau fyrir þann tíma.

13. gr.

Gjald fyrir morgunmat, hádegismat og síðdegishressingu kemur til frádráttar af fæðisgjaldi þegar barn er samfelld viku í burtu, enda hafi fjarvistir verið tilkynntar hlutaðeigandi aðilum með viku fyrirvara.

14. gr.

Um leið og sveitastjórn fær upplýsingar um að viðkomandi foreldri er komið í sambúð fellur niður afsláttur á gjaldi sem á við um einstætt foreldri.

15. gr.

Að jafnaði skulu vera 4 starfsdagar á ári og skulu þeir vera auglýstir með mánaðar fyrirvara.